

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. desember 1988

um breytingu á ýmsum tilskipunum um samræmingu á lögum aðildarríkjanna þar sem eru ákvæði í tilskipunum þessum um birtingu staðfestinga og vottorða í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna

(88/665/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ýmsum tilskipunum bandalagsins eru sett almenn ákvæði sem einkum lúta að reglum um EB-samþykki, EB-gerðarprófun, EB-sannprófun og aðra EB-vottun. Í öðrum tilteknum tilskipunum er vísað til þessara regna.

Í reglum um EB-samþykki og EB-gerðarprófun er kveðið á um gagnkvæm upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og/eða viðurkenndra aðila og að enn fremur skuli framkvæmdastjórninni tilkynnt um útgáfu vottorða. Ágrip af vottorðum á einnig að birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reynslan hefur sýnt að ágrip af vottorðum og staðfestingum í *Stjórnartíðindum EB* eykur ekki upplýsingagildi til muna enda er þegar séð fyrir því á fullnægjandi hátt eftir öðrum leiðum. Birting er því ekki nauðsynleg og mætti leggja hana af.

SAMPÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi tilskipanir breytast sem hér segir:

1. Tilskipun ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu á sameiginlegum ákvæðum í lögum aðildarríkjanna um mælitæki og aðferðir við mælifráðilegt

⁽¹⁾ Stj.úð. EB nr. C 156, 15. 6. 1987, bls. 190 og Stj.úð. EB nr. C 309, 5. 12. 1988.

⁽²⁾ Stj.úð. EB nr. C 232, 31. 8. 1987, bls. 7.

eftirlit ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/355/EBE ⁽⁴⁾:

Í viðauka I falli atriði 5.1 niður og í atriði 5.3 falli niður tilvísun í atriði 5.1.

2. Tilskipun ráðsins 76/767/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um þrýstihylki og aðferðir við eftirlit með þeim ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE ⁽⁶⁾:

Í viðauka I falli atriði 4.1 niður og í atriði 4.3 falli niður tilvísun í atriði 4.1.

3. Tilskipun ráðsins 79/196/EBE frá 6. febrúar 1979 um samræmingu á sameiginlegum ákvæðum í lögum aðildarríkjanna um rafbúnað sem varinn er á tiltekinn hátt og ætlaður er til nota þar sem hugsanlega er hættu af völdum sprengifimra efna ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 84/47/EBE ⁽⁸⁾:

Niður falli 2. mgr. 6. gr. og í 7. mgr. 1. gr. falli niður tilvísun í 6. gr.

4. Tilskipun ráðsins 84/528/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað ⁽⁹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE:

Í viðauka I falli atriði 5.1 niður og í atriði 5.3 falli niður tilvísun í atriði 5.1.

5. Tilskipun ráðsins 84/530/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu á sameiginlegum ákvæðum í lögum aðildarríkjanna um gastæki, öryggis- og stjórnbúnað þeirra og eftirlit með honum ⁽¹⁰⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE:

⁽³⁾ Stj.úð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stj.úð. EB nr. L 192, 11. 7. 1987, bls. 46.

⁽⁵⁾ Stj.úð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 153.

⁽⁶⁾ Stj.úð. EB nr. L 192, 11. 7. 1987, bls. 43.

⁽⁷⁾ Stj.úð. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20.

⁽⁸⁾ Stj.úð. EB nr. L 31, 2. 2. 1984, bls. 19.

⁽⁹⁾ Stj.úð. EB nr. L 300, 19. 11. 1984, bls. 72.

⁽¹⁰⁾ Stj.úð. EB nr. L 300, 19. 11. 1984, bls. 95.

Í viðauka I falli atriði 5.1 niður og í atriði 5.3 falli niður tilvísun í atriði 5.1.

2. gr.

6. Tilskipun ráðsins 84/532/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um vélar og búnað á byggingarsvæðum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt í lögum um aðild Spánar og Portúgals:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1988.

Í viðauka I falli atriði 4.1 niður og í atriði 4.3 falli niður tilvísun í atriði 4.1.

Fyrir hönd ráðsins,

V. PAPANDREOU

forseti.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 300, 19. 11. 1984, bls. 111.